

Ed.

147. Frumvarp til laga

[88. mál]

um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum innan sýslu. Skatt þennan innheimta oddvitar af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar og húseignar í kaптúnunum. Sýslunefnd ákveður jafnan fyrir eitt ár í senn, hve hár skuli vera það ár vegaskattur af löndum og lóðum, en hann má ekki vera lægri en 2 af hverju þúsundi virðingarverðs samkvæmt fasteignamati og ekki hærri en 12 af þúsundi, nema samþykki samgöngumálaráðherra komi til í hvert sinn. Vegaskattur af húseignum skal jafnan vera helmingi lægri að hlutfallstölu en ákveðið hefur verið af löndum og lóðum.

2. gr.

Orðin „og sé tilkynning þar um komin til sýslumanns fyrir 1. apríl“ í 4. gr. laganna falli niður.

3. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Nú er á einu ári varið meira fé úr sýsluvegasjóði og með framlagi samkvæmt síðari málsgr. 6. gr. en svarar 2% af fasteignaverði lands og lóða og 1% af fasteignaverði húsa, og skal þá ríkissjóður greiða á móti því, sem umfram er, sem hér segir: Móts við það framlag, sem svarar til 2%—4% af land- og lóðaverði og 1%—2% af húsaverði, greiðist jafnmikið framlag úr ríkissjóði, móti framlagi, er nemur 4%—10% af land- og lóðaverði og 2%—5% af húsaverði, greiðist tvöfalt framlag úr ríkissjóði, en þrefalt á móti því, sem umfram er.

4. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði:

Heimilt er sýslunefndum, þar til nýtt fasteignamat hefur farið fram, að ákveða fyrir eitt ár í senn að innheimta vegaskatt til sýsluvegasjóða með allt að 70% álagi. Framlag ríkissjóðs til sjóðanna hækkar í sömu hlutföllum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 50 17. maí 1947 og lög nr. 41 4. apríl 1956.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta samkvæmt beiðni ríkisstjórnarinnar. Frv. var flutt á síðasta þingi, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Vegaskattur, eða sýsluvegasjóðsgjald, eins og sá skattur er oft nefndur, er víða innheimtur af sýslumönnum sem ákveðinn hundradshluti af fasteignamatsverði, en sums staðar er skatturinn greiddur úr hreppssjóði, og aflar hreppssjóður sér þá tekna til þeirra gjalda í niðurfjöfnun útsvara.

Síðarnefnda innheimtuaðferðin er ódýrari og brotaminni, en það er á valdi sveitarfélaganna sjálfra, hvort þau hafa hana.

Innheimt eru í hreppssjóð útsvör og sums staðar bein fasteignagjöld, og má heita, að það sé ekki teljandi kostnaðarauki fyrir hreppssjóðinn að bæta við sig álagningu vegaskatts, annaðhvort sem viðbót við fasteignagjald, sem væntanlega er einnig hundradshluti af fasteignamatsverði, sbr. lög nr. 67/1945; og mætti þá innheimta hvort tveggja í einu gjaldi eða innifela gjaldið í útsvarinu.

Ástæðan fyrir því, að þetta frumvarp er borið fram nú, er greind í greinargerð með frumvarpi til breytingar á lögum nr. 66 27. júní 1921, um fasteignaskatt, sem lagt er fyrir Alþingi samtímis þessu frumvarpi.

Þær breytingar, sem gerðar voru á lögum nr. 102 1933 með lögum nr. 50 17. maí 1947 og lögum nr. 10 9. febr. 1953, eru teknar upp í þetta frumvarp, og því er í 5. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir, að þau falli úr gildi.